

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í hlíðum Kubba ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. júlí 2009 var samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu í hlíðum Kubba ofan Holtahverfis á Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur sunnan byggðarinnar í Holtahverfi á Ísafirði. Stærð svæðisins er um 14 hektarar og afmarkast af Hafrafellshálsi til austurs, hlíðum Kubba í suður og Úlfsá í vestri. Gert er ráð fyrir að reisa 260 m langan og 18 m háan snjóflóðavarnargarð á svæðinu rétt fyrir ofan byggðina. Í Bröttuhlíð er gert ráð fyrir svæði undir stoðvirki.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 11. september 2009.*

**Jóhann B. Helgason**, sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2009